

Fyrirspurn

til félags- og húsnæðismálaráðherra um fjárhagsaðstoð
til erlendra ríkisborgara.

Frá Diljá Mist Einarsdóttur.

- Hver var fjárhæð endurgreiðslna úr ríkissjóði árin 2019–2024 til sveitarfélaga sem veittu fjárhagsaðstoð skv. 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga erlendum ríkisborgurum sem ekki áttu lögheimili á Íslandi eða höfðu átt lögheimili hér á landi skemur en tvö ár?
- Hvernig skiptist upphæðin á milli sveitarfélaga?
- Hvernig hefur samráði félags- og húsnæðismálaráðuneytis við dvalarsveitarfélög verið háttað og hvernig veitir ráðuneytið samþykki fyrir veittri fjárhagsaðstoð?
- Hvernig er gengið úr skugga um, áður en fjárhagsaðstoð er veitt, að leitast hafi verið eftir aðstoð frá heimalandi eins og lögin gera að skilyrði?
- Hvernig skiptast útgjöldin eftir ríkisfangi viðtakenda?
- Hyggst ráðherra setja nýjar reglur um aðstoð samkvæmt ákvæðum laganna?

Skriflegt svar óskast.